

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1162

1. Almenn

Eldisstöðin Íspór hf. (kt. 660509-0380), Nesbraut 25, 815 Þorlákshöfn, hefur rekstrarleyfi (FE-1112) vegna landeldis á 600 tonnum af laxi og regnbogasilungi til seiðaeldis í Þorlákshöfn. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 1.800 tonna hámarkslífmassa af laxi og regnbogasilungi til seiðaeldis, þann 11. september 2020.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og álit Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 12. janúar til 9. febrúar 2021 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Eldisstöðin Íspór lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 2. apríl 2020 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 5. nóvember 2020.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir því að aðalvalkostur fælist í því að stækka núverandi Eldisstöð Íspórs úr 600 tonnum í 1.800 tonn, aðrir valkostir yrðu ekki skoðaðir vegna þess að þeir samræmdust ekki markmiði framkvæmdarinnar. Markmið framkvæmdarinnar er að mæta þörfum eigenda Íspórs um seiði til áframeldis í sjókvíum, en eigendur Íspórs eru Fiskeldi Austfjarða hf. og Arnarlax hf. Fjallað var um staðsetningu kerja, hönnun kerja og endurnýtingu fersks vatns. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi.

Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur gögnin lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2.2. Grunnvatn

Í álit Skipulagsstofnunar telur stofnunin óvissu á umfangi samlegðaráhrifa fyrirhugaðrar stækkunar Eldisstöðvarinnar Íspórs og annars eldisiðnaðar við Þorlákshöfn vegna þeirra umfangsmiklu vatnstöku sem fyrirhuguð er á svæðinu. Þar sé einna viðkvæmast jafnvægið á milli ferskvatnslinsunnar og saltvatnslinsunnar. Matvælastofnun telur ljóst að samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu vegna vatnstöku sé nokkuð óviss en aðgerðir sem rekstraraðili leggur til ætti að draga úr áhrifum vatnstökkunar. Orkustofnun veitir leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknum skv. lögum nr. 57/1998 auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns.

2.3 Vatnsgæði viðtaka

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að viðtaki sé brimasamur og straumar sterkir og því líklegt að sjávarstraumar þynni affallsvatnið fljótt út. Því verði áhrif vegna aukins magns næringarefna óveruleg og afturkræf. Hins vegar séu áform um umtalsvert meiri umsvif í fiskeldi á svæðinu og ljóst að það verður sett enn frekara álag á viðtaka. Því ríki ákveðin óvissa m.t.t. samlegðaráhrifa. Matvælastofnun tekur undir þessa óvissu og bendir á að vöktun næringarefna sé í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sem getur jafnframt kallað eftir

sameiginlegri vöktun á frárennsli rekstraraðila á svæðinu teljist þess þörf. Matvælastofnun telur því að áhættan sé takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við með frekari hreinsun frárennslis. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf.

2.4 Lífríki viðtaka og fuglar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að helstu áhrif á lífríki viðtaka og fugla vegna framkvæmdar Eldisstöðvarinnar Íspórs felist einna helst í aukningu næringarefna í frárennsli. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að ekki myndist pollar í frárennsli stöðvarinnar og að ekki verði staðbundin uppsöfnun næringarefna í frárennsli. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið og bendir á að tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar. Áhættan sé því takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við í samráði við eftirlitsaðila

2.5 Ásýnd og landslag

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að ásýndaráhrif af Eldisstöð Íspórs á svæðinu sé fyrir allnokkur vegna umfangsmikilla mannvirkja. Með stækkuninni muni þau áhrif aukast verulega með nýjum byggingum. Eldisstöðin er í um 400 m fjarlægð frá byggð og telur Skipulagsstofnun að áhrif á ásýnd svæðisins verði nokkuð neikvæð, staðbundin og óafturkræf. Matvælastofnun telur því að áhrif á landslag og ásýnd séu því að miklu leyti komin fram þar sem búið sé að byggja svæðið upp að mestu leyti og bendir á að búið sé að samþykkja deiliskipulag vegna stækkun eldisins þar sem eru skýr ákvæði varðandi umfang og útlit bygginga á svæðinu.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Sveitarfélagsins Ölfus þann 28. janúar 2021. Umsagnir bárust ekki frá Sveitarfélaginu Ölfus.

Fiskistofa veitti umsögn þann 28. janúar 2021 og telur að ekki sé tilefni til neikvæðra vistfræði- og/eða erfðafræðiáhrifa þar sem fjallað sé á fullnægjandi hátt um þá þætti sem snúa að lax- og silungsveiðihagsmunum og telur ekki þörf á frekari athugunum vegna fyrirhugaðrar stækkunar Eldisstöðvarinnar Íspórs í Þorlákshöfn.

Hafrannsóknarstofnun veitti umsögn þann 10. febrúar 2021 og leggur áherslu á að ef komi til sleppinga á laxaseiðum sé hætta á neikvæðum erfðafræðiáhrifum vegna starfssemi stöðvarinnar á villta laxastofna.

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva er kveðið á um að gildistaka sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur og að mati Matvælastofnunar uppfyllir fiskeldisstöð Eldisstöðvarinnar Íspórs þau skilyrði. Frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Eldisstöðvarinnar Íspórs hf. að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn. Rekstrarleyfið heimilar 1.800 tonna hámarkslífmassa á laxi og regnbogasilungi í eldisstöðinni við Nesbraut 25 í Þorlákshöfn.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum

rekstrarleyfis. Gildistaka rekstarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 600 tonna rekstrarleyfi Eldisstöðvarinnar Íspórs hf. (FE-1112) vegna seiðaeldis á laxi og regnbogasilungi úr gildi. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 12. maí 2037.

Selfoss, 12. maí 2021